

213 Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutningsgóz, Skipstjórnir ráða, hvort þeir afferma það á næztu höfn, sem komið verður inn á, eða hafa það með sjer lengra og skila því á sinn samastað á apturleiðinni.

Hið sameinaða gufuskipafjelag,
Kaupmannahöfn í nóvember 1882.

C. P. A. Koch,
forstjóri.

214

28. nóvbr.

Auglýsing.

Með því að alþingismaður síra Guðmundur Einarsson andaðist 31. f. m., er hjer með samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877 fyrirskipað, að kosning á alþingismanni fyrir Dalasýslu um þingtíma þann, er síra Guðmundur átti eptir, þegar hann dó, skuli framfara fyrir 1. júní 1883.

Þetta er birt öllum hlutaðeigöndum, og er lagt fyrir kjörstjórnina í Dalasýslu að undirbúa kosningu þessa og að stjórna henni samkvæmt fyrirmælum nefndra kosningalaga.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík, 28. nóvbr. 1882.

Í fjarveru landshöfðingja,

Bergur Thorberg

settur.

Jón Jónsson.

215 — Brjef landshöfðingja til póstmestarans um óútgengin brjef. — Aðferð sú, er

16. nóvbr. að undan förnu hefir verið við höfð, til að gjöra almenningi kunnugt, hver brjef væru óútgengin á pósthúsinu, virðist ekki fullkomlega geta náð tilgangi sínum, þar sem þetta ekki hefir verið kuungjört á annan hátt en með því, að festa upp á pósthúsinu auglýsing um brjef þessi.

Til þess að ráða bót á þessu, með því að gjöra móttökumönnum brjefanna hægra fyrir að leiða sig að þeim, skal jeg þess vegna þjónustusamlega skora á yður, herra póstmestari, að birta fjórum sinnum á ári, í því blaði, sem löggilt er til almennra auglýsinga hjer á landi, hver brjef sjeu óútgengin á pósthúsinu við lok hvers ársfjórðungs, þannig að auglýsing um þetta sje sett í hið fyrsta númer blaðsins, er út kemur í janúarmánuði, aprilmánuði, júlímánuði og októbermánuði, og mun kostnaðurinn við auglýsingar þessar geta fengizt greiddur af því fje, sem veitt er í fjárlaganna 12. gr. 3. Í auglýsingum þessum ber eigi að tilfæra önnur brjef, en þau, sem einhver efi er um, hvert þau eigi að fara, eða hver sje rjettur móttökumaður, eða hvar hann sje að finna. Auk þessa ber að festa upp auglýsingu um brjef þessi á pósthúsinu eins og að undanförmu.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Otrardalur í Barðastrandarprófastsdæmi. Veitist frá fardögum 1883. Auglýst 10. okt. 1882. Metið 296 kr. 58 a. Uppbót 400 kr.

Breiðibólstaður í Snæfellsnesprófastsdæmi (Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir). Veitist frá fardögum 1883. Prestsekkja er í brauðinu, sem nýtur $\frac{1}{12}$ af vissum tekjum þess. Landssjóðsskuld hvílir og á prestakalli þessu, að upphæð 450 kr., sem árlega afborgast með 50 kr. og ávaxtast með 4%. Metið 987 kr. 60 a. Auglýst 25. nóvbr. 1882.